

Fundargerð 89. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2026, miðvikudaginn 18. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fræðslufundur fyrir aðildarsveitarfélög 2026 - 2601001SK

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum boða til fundar fyrir sveitarfélög, aðila raforkumarkaðarins, ráðherra, þingmenn og aðra áhugasama undir yfirskriftinni Raforkureikningurinn: Hver hagnast - hver borgar? Hverju er hægt að breyta.

Fundurinn fer fram föstudaginn 13. mars kl. 11:00 - 13:30 á Iceland Parliament Hotel, A&B salur, Thorvaldsensstræti 2, 101 Reykjavík.

Stjórn samþykkir lokadrög að dagskrá og felur starfsmanni samtakanna að senda út fundarboð til allra sveitarfélaga, þingmanna og aðila raforkumarkaðarins.

Fundi var slitið kl. 09:00